

Fréttir af markaði

Heildarútlán Íbúðalánasjóðs námu rúnum 2,9 milljörðum króna í maí, en þar af voru tæpir 2,7 milljarðar króna vegna almennra lána. Til samanburðar námu almenn útlán í maí 2010 rúnum 1,3 milljörðum króna. Meðalútlán almennra lána voru um 10,5 milljónir króna í maí en um 9,95 milljónir í apríl síðastliðnum. Heildarfjárhæð almennra lána fyrstu 5 mánuði ársins er samtals um 9,7 milljarðar króna en var um 6 milljarðar króna á sama tímabili 2010.

Þann 18. maí lækkaði matsfyrirtækið Standard & Poor's lánshæfismat Íbúðalánasjóðs í BB með neikvæðum horfum í samræmi við lækun lánshæfismats íslenska ríkisins fyrir innlendar skuldbindingar. Þá var sjóðurinn jafnframt tekinn af athugunarlista.


Vísitala neysluverðs í maí 2011 hækkaði um 0,94% frá fyrra mánuði (hækkaði um 0,73% án húsnæðis). Síðastliðna tólf mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um 3,4% og vísitala án húsnæðis um 3,1%. Undanfarna þrjú mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um 2,7% sem jafngildir 11,2% verðbólgu á ári og án húsnæðis er ársverðbólga 10,3%.

Ávöxtunarkrafa íbúðabréfa hækkaði í maí um 23–29 punkta eftir flokkum en HFF14 hækkaði um 43 punkta.

Heildarvelta íbúðabréfa nam um 74 milljörðum króna í maí samanborið við um 54 milljarða í apríl 2011.

Greiðslur Íbúðalánasjóðs námu rúnum 540 milljónum króna í maí. Uppgreiðslur í maí námu um 900 milljónum króna.


Ávöxtunarkrafa íbúðabréfa




Flokkur	Mar. 2011	Apr. 2011	Maí 2011	Meðal-líftími	Nafn-verð	Eft.st. nafnv.
HFF14	0,03%	-1,02%	-0,59%	1,8	70,7	27,8
HFF24	2,37%	2,16%	2,45%	6,1	164,2	119,9
HFF34	2,99%	2,89%	3,17%	10,3	173,2	148,1
HFF44	3,11%	3,04%	3,28%	13,6	265,9	244,6

*Ávöxtunarkrafa á síðasta viðskiptadegi hvers mánaðar. Meðallíftími (ár) og stærð flokka (milljarðar) í lok maí '11. Af heildarútgáfu nafnverðs eru 9,6 ma. króna í HFF14, 9,6 ma. króna í HFF24, 9,6 ma. í flokki HFF34 og 9,6 ma. í flokki HFF44 sem tilheyra lánafyrirgreiðslu til viðskiptavaka íbúðabréfa.

Heildarútlán eftir ársfjórðungum (ma.ISK)



Útlánavextir Íbúðalánasjóðs 2008- 2011



Útboð, útlán og greiðslur Íbúðalánasjóðs


Niðurstaða 2011				
Í milljörðum króna	Áætlun Q2	Raun Q2	Áætlun 2011	Raun jan-maí 2011
Útgáfa íbúðabréfa*	8 - 10	0,0	30 - 38	5,5
Samtals ný útlán ÍLS	7 - 9	5,0	27 - 35	10,9
Greiðslur ÍLS	17 - 19	8,6	65 - 73	27,2

Útgáfa á nafnvirði

Áætlun 2011					
Í milljörðum króna	1Q	2Q	3Q	4Q	Alls 2011
Útgáfa íbúðabréfa*	7 - 9	8 - 10	6 - 8	9 - 11	30 - 38
Ný útlán ÍLS	6 - 8	7 - 9	7 - 9	7 - 9	27 - 35
Greiðslur ÍLS	16 - 18	17 - 19	14 - 16	18 - 20	65 - 73

Útgáfa á nafnvirði

Mánaðarleg heildarútlán Íbúðalánasjóðs



Útboð íbúðabréfa

